



Spáum 3,9% verðbólgu í febrúar

Hagstofan birtir febrúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 25. febrúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,52% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 4,3% í 3,9%.

Vísitalan hækkaði um 0,92% í febrúar 2020, sem er nokkuð mikil hækkun. Það er því viðbúið að ársverðbólgan lækki nokkuð núna í febrúar vegna grunnáhrifa þó að vísitalan hækki milli mánaða.


VNV lækkaði um 0,06% milli mánaða í janúar. Þetta var mun minni lækkun milli mánaða en almennt var búist við, en opinberar spár lágu á bilinu 0,12% til 0,42% lækkun. Við höfðum spáð 0,42% lækkun.

Helstu undirliðir:

- Janúarúrsölur á **fötum og skóm** voru töluvert lakari í ár en seinustu ár. Það er því viðbúið að hækkunin í febrúar vegna útsöluloka verði einnig minni en síðustu ár.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,6 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,5 prósentustig til lækkunar. Samantekið spáum við því að reiknuð húsaleiga hækki um 0,1%.
- Svipað og með föt og skó voru janúarútsölnar á **húsgögnum og heimilisbúnaði** mun lakari í ár en síðustu ár. Það er því einnig viðbúið að þessi liður hækki minna núna vegna útsöluloka en síðustu ár.
- Samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði **bensín og dísilolía** um 3% milli mánaða en heimsmarkaðsverð hefur verið í hækkunarfasa undanfarnar vikur og væntum við 1,6% hækkunar í mars.
- Eftir að Covid-19-faraldurinn skall á hefur Hagstofan haldið **flugfargjöldum til útlanda** nær óbreyttum. Við eigum von á að svo verði áfram þar til flug til og frá landinu kemst aftur í eðlilegra horf.
- Tómstundir og menning** hækkar, meðal annars vegna verðskrárhækkunar líkamsræktarstöðva.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,2%	0,1%	0,01%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,5%	0,01%
Föt og skór	3,4%	3,3%	0,11%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,2%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,1%	0,01%
Húsgögn og heimilisb.	5,5%	3,0%	0,17%
Heilsa	4,3%	0,4%	0,02%
Ferðir og flutningar (annað)	4,5%	0,2%	0,01%
Kaup ökutækja	6,1%	-0,4%	-0,02%
Bensín og dísilolía	3,3%	3,0%	0,10%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	1,0%	0,01%
Póstur og sími	1,4%	0,0%	0,00%
Tómst. og menning	10,1%	0,4%	0,04%
Menntun	0,5%	0,1%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,3%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,2%	0,01%
Alls	100,0%		0,52%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Spá okkar um breytingu VNV milli mánaða í febrúar er nokkurn vegin óbreytt frá þeirri síðustu sem við birtum í kjölfar birtingar á janúarmælingu VNV.

Eigum von á að verðbólgan leiti í átt að markmiði þegar líður á árið

Við eigum sem fyrr von á að janúar verði sá mánuður þar sem hæsta verðbólgan mælist og að verðbólgan muni leita í átt að markmiði þegar líður á árið.

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Mars: +0,45% milli mánaða, 4,1% ársverðbólga
- Apr.: +0,19% milli mánaða, 3,8% ársverðbólga
- Maí: +0,34% milli mánaða, 3,6% ársverðbólga

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir í spánni eru:

1. Gengi krónunnar

Íslenska krónan er búin að vera frekar stöðug það sem af er ári. Í spá okkar gerum við ráð fyrir að svo verði áfram. Ef krónan veikist mun það að öðru óbreyttu þýða hærri verðbólgu en við spáum. Eins ef krónan styrkist, mun verðbólgan líklega verða lægri en við spáum.


2. Kjölfesta verðbólguvæntinga

Þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðasta ári virðist sem kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgu markmiðið hafa haldist. Þetta gildir hvort sem horft er til niðurstöðu úr væntingakönnun markaðsaðila, væntingakönnun meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja, væntingakönnun heimila eða verðbólguálags á skuldabréfamarkaði. Þetta skiptir máli því verðbólguvæntingar hafa töluverð áhrif á framtíðarþróun verðbólgunnar. Í spá okkar gerum við ráð fyrir að verðbólguvæntingar haldist stöðugar. Hækki verðbólguvæntingar er að öðru óbreyttu líklegt að verðbólgan verði hærri í ár en við gerum núna ráð fyrir.


3. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Vaxtalækkanir virðast hafa ýtt undir verðhækkanir á íbúðarhúsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e. að íbúðaverð hækki áfram milli mánaða. Verði raunin önnur og dragi úr


Verðbólguþróun



Mánaðarbreyting VNV



Verðbólguvæntingar





hækkunartakti húsnæðis mun það að öðru óbreyttu þýða lægri verðbólgu.

Samkvæmt okkar útreikningum munu áhrif vaxtalækkana síðasta árs áfram koma fram í reiknaðri húsaleigu fram eftir ári. Áhrifin verða áfram töluverð á allranæstu mánuðum en svo munu þau minnka upp frá því. Við erum ekki að gera ráð fyrir frekari vaxtabreytingum næstu mánuði í spá okkar, en ef vextir hækka eða lækka er viðbúið að áhrif vaxtabreytinga á reiknaða húsaleigu vera önnur en við erum núna að gera ráð fyrir.


4. Heimsmarkaðsverð olíu

Heimsmarkaðsverð olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Síðustu mánuði hefur olíuverð hins vegar hækkað og er nú svipað og var áður en heimsfaraldurinn skall á. Við gerum ráð fyrir óbreyttu heimsmarkaðsverði næstu mánuði í spá okkar. Haldi heimsmarkaðsverð á olíu áfram að hækka mun það að öðru óbreyttu þýða hærri verðbólgu.

5. Alþjóðleg verðbólga

Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði áfram lág, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Heimsmarkaðsverð á olíu (Brent)



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.